

ÞINGSKJAL NR. 8

SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa ípróttá- og æskulýðsstarfs verði nýtt vegna atvika sem upp kunna að koma í starfi hjá UMFÍ, sambandsaðila þess og aðildarfélagana.

Þingið skorar jafnframt á embætti samskiptaráðgjafa ípróttá- og æskulýðsstarfs að útbúa siðareglur fyrir ípróttá- og æskulýðsstarf. UMFÍ leggur áherslu á að samskiptaráðgjafi geti nýtt siðareglur Æskulýðsvettvangsins sem grunn í þeirri vinnu. UMFÍ starfar nú þegar eftir þeim reglum ásamt öðrum samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn, þ.e. KFUM&K á Íslandi, Bandalagi íslenskra Skáta og Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu.

Greinargerð:

Samskiptaráðgjafi ípróttá- og æskulýðsstarfs gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggt, heilbrigt og uppbyggilegt starfsumhverfi alla sem taka þátt í ípróttá og æskulýðsstarfi.

UMFÍ og fleiri samtök komu að gerð viðbragðsáætlunarinnar á sínum tíma ásamt sérfræðingum í málaflokknum. Hún er lykilverkfæri til að bregðast skýrt og samræmt við þegar upp koma atvik, svo sem einelti, áreitni eða önnur alvarleg samskipta- og trúnaðarmál.

Siðareglur eru einnig nauðsynlegt grunnplagg fyrir allt starf innan hreyfingarinnar og fer best á því að þær séu sameiginlegar fyrir allt starfið. Þær setja fram sameiginleg viðmið um virðingu, ábyrgð og velferð þátttakenda. Með því að byggja á siðareglum Æskulýðsvettvangsins er til staðar grunnur sem þegar hefur verið mótaður í samvinnu helstu æskulýðssamtaka landsins, sem eykur trúverðugleika, einfaldar innleiðingu og uppfærslu.

Vísað til: Allsherjar- og laganefndar.

Samþykkt samhljóða